

FUNDARGERÐ

332. fundur stjórnar HEF veitna ehf., haldinn á skrifstofu félagsins, Fellabrún 1, þriðjudaginn 12. desember 2023 kl. 16:00.

Mætt eru:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Hildur Þórisdóttir (HÞ), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Helgi Ómar Bragason (HÓB) og Aðalsteinn Þórhallsson (AÞ) framkvæmdastjóri.

Í fjarfundi: Vilhjálmur Jónsson (VJ)

Ágústa Björnsdóttir stýrði fundinum.

Dagskrá:

- 1 Verkefnastaða
 - 2 Uppgjör verkefna
 - 3 Fráveita á Djúpavogi
 - 4 Aldurstengdar kröfur viðskiptamanna
 - 5 Önnur mál
 - a. Trúnaðarmál bókað í trúnaðarmálabók
 - b. Verkbókhald, skipulagning á lager og endurnýjun á verkfærum
 - c. Hátíðakveðja
 - d. Næsti fundur
-

1 Verkefnastaða

Framkvæmdastjóri fór yfir opnun útboðs vegna verksins Jörfa gatnagerð-lagnir. Unnið er að gerð samnings við lægstbjóðanda.

Farið yfir samskipti vegna Eiðaveitu bæði frá Náttúrustofu Austurlands og erindi til Umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlaþings.

Ekki hefur verið fundað með Rarik og Múlaþingi um fjarvarmaveitu á Seyðifirði síðan í október. Hugsanlegar vendingar á orkumarkaði valda áhyggjum um rekstraröryggi og -afkomu mögulegrar fjarvarmaveitu.

2 Uppgjör verkefna

Framkvæmdastjóri fór yfir drög að lokaskýrslu Votahvamms II (E0016) verkefnis, sem verður fyrirmynd að lokaskýrslum sem verða í framtíðinni hluti af verkferlum og gefa betri sýn á niðurstöðu eftir verkþáttum og hvernig kostnaður skiptist milli veitna.

3 Fráveita á Djúpavogi

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála vegna framkvæmdar, aðalskipulagið er í yfirferð hjá skipulagsstofnun og í framhaldi staðfest. Framkvæmdarstjóri fer með framkvæmdarlýsingu á fund Múlaþings og er það von stjórnar að í framhaldi af því geti verkið hafist.

4 Aldurstengdar kröfur viðskiptamanna

Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir kröfusafn. Stjórn leggur áherslu á að koma á bættu eftirliti með vanskilum og innheimtu. Verklagsreglur verði gerðar um innheimtu og þær lagðar fyrir stjórn til samþykktar.

5 Önnur mál

a. Trúnaðarmál bókað í trúnaðarmálabók

b. Verkbókhald, skipulagning á lager og endurnýjun á verkfærum

Vinna við verkbókhald, lagerhald o.fl. er hafin og fór framkvæmdastjóri yfir framvinduna og markmið.

c. Hátíðakveðja

Stjórn óskar framkvæmdastjóra, starfsmönnum HEF veitna og íbúum öllum gleðilegar hátíðar og farsældar á nýju ári.

d. Næsti fundur

Næsti fundur verði 9. janúar 2024.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 18:55

Fundargerð ritaði Ívar Karl Hafliðason.

Undirritanir á næstu síðu.